

Lánasjóður sveitarfélaga

Ársreikningur 2005

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Reikningsskilaaðferðir	9
Skýringar og sundurliðanir	10 - 13

Lánasjóður sveitarfélaga
Kennitala: 710169-4979
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Breytt starfsemi

Hinn 10. desember 2004 voru samþykkt á Alþingi ný lög nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga og tóku þau gildi 1. janúar 2005. Æðsta vald í málefnum sjóðsins var með lagabreytingunni flutt til sveitarfélaganna og er nú í höndum eigendafunda þar sem eiga sæti fulltrúar, sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Voru sjóðnum settar nýjar samþykktir sem dagsettar eru 18. janúar 2005. Fyrsti ársfundur sjóðsins var haldinn 18. mars 2005 í samræmi við samþykktir og hin nýju lög.

Samkvæmt hinum nýju lögum ber sjóðnum að starfa skv. lögum um fjármálafyrirtæki og fékk sjóðurinn starfsleyfi sem lánafyrirtæki frá Fjármálaeftirlitinu 17. ágúst 2005 og starfar undir eftirliti þess.

Samhliða breytingum á starfsramma sjóðsins var mótuð ný stefna fyrir hann þar sem gert var ráð fyrir að gott lánstraust sjóðsins yrði í auknum mæli nýtt til að útvega sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum, með lántökum og endurlánunum. Var þá jafnframt ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri fyrir sjóðinn og stjórnarfundum fjölgað í samræmi við aukin umsvif. Hefur hin nýja stefna gengið eftir á árinu 2005 eins og ársreikningurinn ber með sér.

Lánveitingar og lántökur

Samþykktar lánveitingar á árinu námu 9.578,4 m.kr. miðað við 3.442,6 m.kr. árið áður. Alls tóku 45 sveitarfélög og fjögur félög í eigu sveitarfélaga lán hjá lánasjóðnum á árinu, en með hinum nýju lögum varð heimilt að lána fyrirtækjum og stofnunum í eigu sveitarfélaga auk sveitarfélaganna sjálfra.

Vanskil lántakenda í árslok 2005 námu 2,1 m.kr. á móti 4,0 m.kr. árið áður. Einungis tvö sveitarfélög voru í vanskilum í árslok og voru vanskilin gerð upp að fullu 3. janúar 2006. Sjóðurinn hefur ekki tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum.

Lán þau sem veitt eru af eigin fé eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Vextir af þeim eru breytilegir og voru þeir 4,0% allt árið. Eru þau lán uppgreiðanleg. Lán sem sjóðurinn tekur og endurlánar eru á sömu grunnkjörum og lántökurnar, en að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir rekstrarkostnaði.

Á árinu fóru fram nokkur skuldabréfaútboð að fjárhæð samtals 7.400 m.kr. til að afla fjár til endurlána. Skuldabréfin eru öll skráð í Kauphöll Íslands. Einnig tók sjóðurinn lán á árinu að fjárhæð 15 m. EUR hjá Norræna fjárfestingarbankanum.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Afkoma og efnahagur

Hagnaður ársins nam 649,3 m.kr. á móti 810,9 m.kr. árið áður. Með nýju lögunum voru felld niður framlög til sjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en þau námu 78,1 m.kr. á árinu 2004. Með auknum umsvifum jókst rekstrarkostnaður sjóðsins einnig nokkuð. Í ársbyrjun var felldur úr gildi samstarfsamningur sjóðsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bjargráðasjóðs. Í hans stað kom þjónustusamningur við sambandið um skiptingu kostnaðar við skrifstofuhald.

Efnahagur sjóðsins er traustur. Niðurstöðutala efnahagsreiknings í árslok 2005 nam 24.072,7 m.kr. á móti 15.076,9 m.kr. árið áður. Mestu munar um aukningu útistandandi lána um 55,8%. Eigið fé nam í árslok 10.561,8 m.kr. á móti 9.912,5 m.kr. árið áður og hefur því hækkað um 6,6% á árinu. Eiginfjárlutfall er í árslok 43,9% á móti 65,8% árið áður og CAD hlutfall er 217,3% í árslok útreiknað samkvæmt reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja en lágmarkskrafa er 8%.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning hans fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. mars 2006

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Einar Njálsson

Kristinn Jónasson

Magnús Gunnarsson

Reinhard Reynisson

Þorsteinn Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar nr. 1-13. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 2005, efnahag hans 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 8. mars 2006

PricewaterhouseCoopers hf.

Sigurður B. Arnþórsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur 2005

	Skýr.	2005	2004
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		104.159.656	21.786.051
Vaxtatekjur af útlánum		1.475.255.914	1.110.836.897
		<u>1.579.415.570</u>	<u>1.132.622.948</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af lántöku	1	894.185.906	376.728.246
Önnur vaxtagjöld		344.935	278.214
		<u>894.530.841</u>	<u>377.006.460</u>
Hreinar vaxtatekjur		<u>684.884.729</u>	<u>755.616.488</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		2.531.090	78.124.845
Gengishagnaður (-tap)	2	13.656.692	(957.820)
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		0	11.241.569
		<u>16.187.782</u>	<u>88.408.594</u>
Hreinar rekstrartekjur		<u>701.072.511</u>	<u>844.025.082</u>
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	3	24.084.232	4.787.782
Annar rekstrarkostnaður		26.413.588	27.189.917
Afskriftir rekstrarfjármuna	8	1.262.204	1.129.049
		<u>51.760.024</u>	<u>33.106.748</u>
Hagnaður ársins		<u><u>649.312.487</u></u>	<u><u>810.918.334</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir	Skýr.	2005	2004
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	5		
Sjóður		0	10.000
Kröfur á lánastofnanir		1.329.267.261	459.274.870
		<u>1.329.267.261</u>	<u>459.284.870</u>
Útlán			
Útlán	6,7	22.685.198.103	14.557.572.614
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum			
Hlutabréf		0	390.561
Rekstrarfjármunir			
Fasteign	8	57.390.118	58.652.322
Aðrar eignir			
Aðrar eignir		803.159	955.912
Eignir samtals		<u>24.072.658.641</u>	<u>15.076.856.279</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2005	2004
Lántaka	10		
Verðbréfaútgáfa		10.481.070.025	2.744.820.002
Lán frá lánastofnunum		2.990.319.440	2.384.694.212
		<u>13.471.389.465</u>	<u>5.129.514.214</u>
Aðrar skuldir			
Aðrar skuldir		3.264.409	3.151.785
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	11	36.185.000	31.683.000
Skuldir samtals		<u>13.510.838.874</u>	<u>5.164.348.999</u>
Eigið fé	12		
Óráðstafað eigið fé		10.561.819.767	9.912.507.280
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>24.072.658.641</u></u>	<u><u>15.076.856.279</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2005

	2005	2004
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	649.312.487	810.918.334
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	1.262.204	1.129.049
Verðbætur og gengismunur	(319.348.693)	(331.475.775)
Matsbreyting hlutabréfa	0	(14.707)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	4.502.000	2.012.000
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	0	(11.241.569)
Aðrar eignir, lækkun (hækkun)	152.753	(430.191)
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)	112.624	43.802.559
Handbært fé frá rekstri	<u>335.993.375</u>	<u>514.699.700</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir	(942.684.779)	0
Útlán, breyting	(7.403.215.275)	(1.535.822.137)
Söluverð eigna	0	(19.070.334)
Söluverð hlutabréfa	1.752.217	0
	<u>(8.344.147.837)</u>	<u>(1.554.892.471)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka, breytingar	<u>7.935.452.074</u>	<u>1.380.409.787</u>
	7.935.452.074	1.380.409.787
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(72.702.388)	340.217.016
Handbært fé í ársbyrjun	<u>459.284.870</u>	<u>119.067.854</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>386.582.482</u></u>	<u><u>459.284.870</u></u>

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningskila

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2005 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á lánastofnanir og útlánum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir og lántökum. Tekjur og gjöld, sem jafna má til vaxta, eru færð með vaxtatekjum og -gjöldum eftir því sem þau falla til.

Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2005. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2006. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok 2005. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2006 og gengistryggð útlán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2005.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélögum heimilt skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánum.

Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármunanna.

Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Skuldbinding lánasjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings.

Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Skýringar

2005

2004

1. Vaxtagjöld

Vaxtagjöld af lántöku greinast þannig:

Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu	752.077.424	206.629.042
Vaxtagjöld af lánum frá lánastofnunum	142.108.482	170.099.204
	<u>894.185.906</u>	<u>376.728.246</u>

2. Gengishagnaður (-tap)

Gengishagnaður (-tap) sundurliðast þannig:

Gengishagnaður af veltuhlutabréfum ofl.	19.364.456	60.125
Gengistap af gjaldeyrisviðskiptum	(5.707.764)	(1.017.945)
	<u>13.656.692</u>	<u>(957.820)</u>

3. Laun og launatengd gjöld

Í árslok 2005 er framkvæmdastjóri eini starfsmaður Lánasjóðs sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustupáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

2005

Laun	15.606.364
Launatengd gjöld	2.660.425
Lífeyriskostnaður	5.817.443
	<u>24.084.232</u>

Laun og þóknunir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:

Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri	11.772.451
Magnús B Jónsson, stjórnarformaður	630.000
Einar Njálsson	420.000
Kristinn Jónasson	420.000
Magnús Gunnarsson	420.000
Reinhard Reynisson	420.000

4. Þóknun endurskoðenda

2005

2004

Þóknun til endurskoðenda sjóðsins greinist þannig:

Endurskoðun ársreiknings	1.386.900	991.300
Gerð reikningskila	292.000	0
Önnur þjónusta	895.050	0
	<u>2.573.950</u>	<u>991.300</u>

Skýringar

5. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

Sjóður og kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:	2005	2004
Gjaldkræfar kröfur	386.582.482	459.284.870
Allt að 3 mánuðir	942.684.779	0
	<u>1.329.267.261</u>	<u>459.284.870</u>

6. Útlán

Útlán greinast þannig:		
Gengistryggð útlán	1.817.158.865	850.090.624
Verðtryggð útlán	20.868.039.238	13.707.481.990
	<u>22.685.198.103</u>	<u>14.557.572.614</u>
Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræfar kröfur	2.103.461	4.006.654
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	486.567.488	198.134.868
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	2.075.329.157	1.985.503.957
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 ár	8.622.582.110	7.425.408.421
Til greiðslu eftir 5 ár	11.498.615.887	4.944.518.714
	<u>22.685.198.103</u>	<u>14.557.572.614</u>

7. Vanskil

Vanskil lántakenda hjá Lánasjóði sveitarfélaga námu í árslok 2005 alls 2,1 m.kr. en voru í lok ársins 2004 4,0 m.kr.

Gjaldfallnar afborganir	1.397.156	2.584.465
Gjaldfallnir vextir	670.975	1.364.598
Gjaldfallnir dráttarvextir	35.330	57.591
	<u>2.103.461</u>	<u>4.006.654</u>

8. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:	Húseign og lóð	
	2005	2004
Stofnverð 1.1.	59.781.371	55.700.370
Viðbót ársins	0	59.781.371
Stofnverð færð út	0	(55.700.370)
Stofnverð 31.12.	<u>59.781.371</u>	<u>59.781.371</u>
Afskrifað áður	1.129.049	26.230.902
Afskrifað á árinu	1.262.204	1.129.049
Afskrift færð út	0	(26.230.902)
Samtals afskrifað 31.12.	<u>2.391.253</u>	<u>1.129.049</u>
Bókfært verð 31.12.	57.390.118	58.652.322
Afskriftarhlutfall	2%	2%

Fasteignamat húseignar 31.12.2005 nam 38,5 m.kr. Brunabótamat húseignar 31.12.2005 nam 44,2 m.kr.

Skýringar

9. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 20.868 m.kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 11.658 m.kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 1.823,5 millj. kr. í árslok og heildarskuldir í erlendum gjaldmiðlum námu á sama tíma 1.813,4 millj. kr.

10. Lántaka

2005

2004

Lántaka greinist þannig eftir eftirstöðvartíma:

Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	333.907.252	58.752.995
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	439.810.360	585.726.346
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 ár	4.980.131.677	1.755.816.706
Til greiðslu eftir 5 ár	7.717.540.176	2.729.218.167
	<u>13.471.389.465</u>	<u>5.129.514.214</u>

11. Skuldbindingar

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni hefur farið fram og er hún færð í ársreikninginn miðað við 2,0% ársvexti.

Lífeyrisskuldbinding greinast þannig:

Frá fyrra ári	31.683.000	29.671.000
Greiddur lífeyrir á árinu	(1.315.443)	(1.318.531)
Hækkun skuldbindinga	5.817.443	3.330.531
	<u>36.185.000</u>	<u>31.683.000</u>

12. Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun	9.912.507.280	9.101.588.946
Hagnaður ársins	649.312.487	810.918.334
	<u>10.561.819.767</u>	<u>9.912.507.280</u>

Eigið fé í árslok nemur 10.561,8 millj. kr. eða 43,9% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall) sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84.gr. laga um fjármálafyrirtæki er 217,3% en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig (í þús. kr.):

Bókfærð staða

Vegin staða

2005

2004

Áhættugrunnur:

Bókfærðar eignir:	24.072.659	4.860.283	3.062.412
Áhættugrunnur samtals.....	<u>24.072.659</u>	<u>4.860.283</u>	<u>3.062.412</u>

Eigið fé:

Bókfært eigið fé	10.561.820	9.912.507
Eigið fé samtals	<u>10.561.820</u>	<u>9.912.507</u>

Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall)	217,3%	323,7%
---------------------------------------	--------	--------

Skýringar

13. Skattamál

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er Lánasjóður sveitarfélaga undanþeginn greiðslu tekjuskatts.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt er Lánasjóður sveitarfélaga undanþeginn slíkum skatti.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 eru skuldabréf sem lánasjóðurinn tekur og veitir undanþeginn stimpilgjöldum.